

Mánudaginn 17. nóvember 1952.

Kærumálið nr. 25/1952.

Guðmundur Tómasson og

Gaston Ásmundsson

gegn

Byggingasamvinnufélaginu Garði.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, og samdómsmennirnir Ásgeir Valdemarsson og Jónas Snæbjörnsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 24. október þ. á., er barst Hæstarétti 7. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð bæjarþings Akureyrar 24. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með úrskurði þessum var sóknaraðiljum synjað um framhaldsfrest í málinu.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en engin greinargerð hefur borizt frá þeim.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, fellur hann niður.

Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður kærði mál þetta af hendi sóknaraðilja. Fyrir hina bersýnilega tilefnislausu kæru ber samkvæmt lögjöfnun frá 2. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 að dæma honum 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Björn Halldórsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 24. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 21. október 1952, hafa aðalstefnendur, þeir Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson, byggingarmeistarar á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. maí 1948, á hendur aðalstefnda, Byggingasamvinnufélaginu Garði, og gera þá kröfu, að þeir fái dæmdar úr hendi aðalstefnda eftirstöðvar launa, kr. 3629.69, auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt verksamningi um byggingu á tveimur íbúðarhúsum. Aðalstefndi höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnendum með gagnstefnu, útgefinni 15. september 1948, og krafðist þess, að gagnstefndu yrðu dæmdir til að greiða kr. 15.232.58 auk vaxta og málskostnaðar vegna vanefnda á verksamningi. Dómur var lagður á mál þetta í héraði þann 15. nóvember 1949, en með dómi Hæstaréttar 19. desember 1951 var málinu heimvísað, með því að bæjarþingsdómariinn hafði ekki kvatt til kunnáttumenn um húsagerð til þess að dæma málið með sér, en það var talið nauðsynlegt vegna þess, hvernig málinu var háttað.

Málið var tekið upp fyrir bæjarþinginu að nýju þann 12. marz 1952, og voru þá lögð fram öll skjöl, er áður höfðu komið fram. Hefur síðan farið fram gagnaöflun, og með framhaldsgagnstefnu 15. maí s.l. krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndu verði dæmdir til greiðslu á kr. 450.42 umfram þá upphæð, sem áður var krafizt, þannig að krafa gagnstefnanda verður alls kr. 15.683.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Við fyrirtöku málsins þann 16. apríl s.l. voru lögð fram nokkur skjöl, þeirra á meðal vottorð Jóns Hafliðasonar í Reykjavík, er umboðsmaður aðalstefnenda lagði fram. Málinu var þá frestað til 21. maí, og var þá lögð fram framhaldsgagnstefna og reikningur. Næsta þinghald í málinu var 16. júní. Mótmælti umboðsmaður aðalstefnda þá m. a. fyrrgreindu vottorði Jóns Hafliðasonar sem röngu og óstaðfestu. Óskaði umboðsmaður aðalstefnenda þá eftir fresti til þess m. a. að fá nefnt vottorð staðfest, og var málinu þá frestað til gagnaöflunar fram yfir þingleyfi til 6. september s.l. Fór þá fram vitnaleiðsla. Síðan voru þinghöld í málinu 20. september, 8. október og að lokum 21. október s.l. Óskaði umboðsmaður aðalstefnenda þá enn eftir fresti til gagnaöflunar til laugardagsins 15. nóvember n. k. og skýrði svo frá, að vitnastefna hefði verið gefin út í Reykjavík til 5. nóvember n. k. og mundi Jón Hafliðason þá koma fyrir dóm og stefna hefði þegar verið birt umboðsmanni aðalstefnda til þinghalds þessa, en hann hefði færzt undan að sækja dómþing óstefndur.

Umboðsmaður aðalstefnda lýsti því hins vegar yfir, að hann teldi gagnaöflun lokið af sinni hálfu, og mótmælti því, að frekari frestur yrði veittur,

enda hefðu þegar verið nægilega rúmir frestir til þess að afla allra gagna. Var ágreiningsmál þetta tekið til úrskurðar.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið greint, hafa aðalstefnendur haft fresti frá 16. júní s.l. til þess að afla staðfestingar á vottorði því, sem ræðir um. Þess er þó að gæta, að í júlí og ágústmánuði er þingleyfi, en þrátt fyrir það verður að telja, að aðalstefnendur hafi þegar haft nægilegan frest í þessu skyni. Er því ekki heimild fyrir hendi til þess að fresta málinu frekar af þessum sökum samkvæmt 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Nr. 126/1951. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Herbert Spencer (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um botnvörpuveiðabrot. Ólöglegur umbúnaður veiðarfæra.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er varðskipsmenn mældu við dufl varðskipins hinn 14. júlí 1951, og reyndist hann 0,3—0,4 sm innan landhelgislínu, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma. Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í forsendum hins áfrýjaða dóms, er sannað, að skip ákærða hefur verið í landhelgi með ólöglegum umbúnaði veiðarfæra. Ásigkomulag veiðarfæra togarans og fisks í vörpu hans, sem lýst er í héraðsdómi, bendir og mjög til þess, að ákærði hafi verið þar að veiðum. Fyrir